

**Ed.**

**49. Frumvarp til laga**

**[45. mál]**

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

Frá samgöngumálanefnd.

**1. gr.**

Aftan við 11. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Kostnaður við störf ferðamálaráðs greiðist af fé því, sem veitt er til ferðamálasjóðs samkv. 1. mgr. 27. gr., samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

**2. gr.**

2. mgr. 34. gr. laganna orðist þannig:

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt, að dómi ráðherra, og vera með vísitöluþingum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð.**

Frumvarp þetta er flutt af samgöngumálanefnd efri deildar að beiðni samgöngumálaráðherra. Nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að hafa óbundnar hendur í afstöðu til frumvarpsins. Af hálfu samgöngumálaráðuneytisins fylgdu frumvarpinu svofelldar skýringar:

Í gildandi lögum um ferðamál þykir ekki nægilega skýr heimild til að greiða ýmsan kostnað við starfsemi ráðsins, svo sem almennan skrifstofukostnað, né heldur til ráðningar starfsliðs, ef nauðsynlegt þykir.

Með 1. gr. frv. þessa er tekinn af allur vafi í þessu efni og lagt til, að ýmis kostnaður við störf ferðamálaráðs greiðist af hinu fasta ríkisframlagi til ferðamálasjóðs.

Önnur meginbreytingin með frv. þessu er sú, að heimilt skuli að veita vísitöluþingin lán úr ferðamálasjóði, og er þessu ákvæði ætlað að stuðla að eflingu sjóðsins í framtíðinni, svo að honum verði kleift að gegna sem bezt hlutverki sínu.